

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulagsbreyting lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands Tryggvagötu 25, Selfossi.*

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar, 10. desember 2014, var samþykkt breyting á deiliskipulagi lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, Selfossi.

Deiliskipulagsbreyting þessi tekur til lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands. Um er að ræða breytingu á skipulagi útivistar- og íþróttasvæðis Selfoss frá 1990. Það skipulag náði til lóðar FSu og íþróttar- og útivistarsvæðis austan við FSu. Árið 2003 var unnið sérstakt deiliskipulag fyrir íþróttar- og útivistarsvæðið og var það endurskoðað 2010. Upprunalega skipulagið er því enn í gildi fyrir lóð FSu. Við yfirstandandi deiliskipulagsbreytingu verður titli skipulagsins breytt í deiliskipulag lóðar Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Óveruleg deiliskipulagsbreyting Víkurheiðar, Selfossi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi Víkurheiðar á Selfossi 17. september 2014.

Breytingin varðar eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir jarðstreng og hjóla- og göngustíg innan hins skipulagða svæðis (strengurinn mun liggja meðfram fyrirhuguðum vegi á eystri hluta deiliskipulagssvæðisins en þvera Eyrarbakka-veg um 87 m frá afleggjaranum inn að Selfossflugvelli).

Aðkomuvegi að lóðum innan svæðisins, sem liggur á eystri hluta þess, er hliðrað um 12 m til vesturs.

Óverulegar breytingar verða á stærðum og nýtingarhlutfalli á lóðum nr. 2, 3 og 6.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem jarðstrengurinn í heild sinni fellur undir tl. 3.b. í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 30. júlí 2015.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.